

LÖG

um breytingu á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

B-liður 47. gr. laganna hljóðar svo: Að fyrir liggi samþykki barna jarðeiganda, 18 ára og eldri, um að jörðin sé gerð að ættaróðali.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðni Ágústsson.

Nr. 120

22. desember 1999

AUGLÝSING

um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 125. löggjafarþings, frá 21. desember 1999 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 1. febrúar 2000.

Gjört í Reykjavík, 21. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.“

Alþingi samþykkti hinn 21. desember 1999 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 125. löggjafarþings, frestað hinn 21. desember 1999.

Forsætisráðuneytinu, 22. desember 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.